

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Líknarsjóð Áslaugar Maack“, út- 207
gefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. okt. 1952. 22. okt.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Líknarsjóð Áslaugar Maack.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Líknarsjóður Áslaugar Maack.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Kvenfélagi Kópavogshrepps, til minningar um Áslaugu Maack, sem var fyrsti formaður félagsins.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1000.00 — þúsund krónur —. Sjóðinn skal ávaxta á trygган hátt, t. d. í sparisjóði eða banka.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja, eftir því sem ástæður leyfa, fjölskyldur eða einstaklinga, sem vegna veikinda þurfa á hjálp að halda.

5. gr.

Höfuðstólinn, kr. 1000.00, má aldrei skerða, en vexti af höfuðstól og aðrar tekjur sem sjóðnum kunna að áskotnast, má nota jafnóðum.

6. gr.

Sjóðnum skal afla tekna með sölu á minningarspjöldum, áheitum og enn fremur með því að hafa fjáröflunardag árlega á fæðingardegi Áslaugar Maack, hinn 29. janúar.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega, ásamt reikningum félagsins.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa 5 konur úr Kvenfélagi Kópavogshrepps, sem kosnar eru árlega á aðalfundi.

9. gr.

Leysist Kvenfélag Kópavogshrepps upp og hætti að starfa, skal hreppsnefnd Kópavogshrepps kjósa árlega 5 konur í sjóðsstjórnina.

10. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari.